

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2025

2025/EES/38/22

frá 14. mars 2025

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2769 frá 30. maí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að mæla fyrir um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis byggingarvara með tilliti til mikilvægra eiginleika þeirra að því er varðar umhverfislega sjálfbærni og um breytingu á þeirri reglugerð að því er varðar mat og sannprófun á stöðugleika nothæfis byggingarvara á grundvelli líkanagerðar ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011):

„– **32024 R 2769**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2769 frá 30. maí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/2769, 28.10.2024).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzr (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1342):

„1zzs. **32024 R 2769**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2769 frá 30. maí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 með því að mæla fyrir um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis byggingarvara með tilliti til mikilvægra eiginleika þeirra að því er varðar umhverfislega sjálfbærni og um breytingu á þeirri reglugerð að því er varðar mat og sannprófun á stöðugleika nothæfis byggingarvara á grundvelli líkanagerðar (Stjtið. ESB L, 2024/2769, 28.10.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/2769, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L, 2024/2769, 28.10.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/2769/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.